

Stýrihópur um mótun heildstæðrar orkustefnu
Iðnaðarráðuneytið
Helga Barðadóttir

Reykjavík 8. júní 2010

Athugasemdir við “Orkustefna fyrir Ísland” (frumdrög 2010-05-25)

Undirritaður fagnar gerð orkustefnu fyrir Ísland. Við lestur skjalsins vantar þó tilvísanir og þekkingu sem hefur verið dregin saman í fyrri skýrslum hjá Iðnaðarráðuneytinu og Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Athugasemdir sem eru gerðar snúa að sjávarorku, og þá helst sjávarfalla- og sjávarstraumsvirkjana.

Rannsóknir

Takmarkaðar rannsóknir liggja fyrir um orku sjávar við Ísland og er Breiðafjörðurinn nánast eina svæðið sem hefur verið rannsakað að einhverju (en þó takmörkuðu leyti).

Ekki liggur fyrir hvar hægt er að staðsetja slíkar virkjanir, straumur á þeim stöðum o.fl. þættir sem mikilvægt er að rannsaka.

Auka þarf áherslu á rannsóknir og kortlagningu á orku sjávar.

Nýjar aðferðir

Hægt að virkja mun minni straum en áður hefur verið talið og er mikil framþróun að eiga sér stað á því sviði, bæði að ná að virkja orkuna, svo og að gera það með minni tilkostnaði en áður þekkist.

Ný aðferð, þróuð á Íslandi, er í prófun og einkaleyfisferli. Markmiðið er að virkja við minni straumhraða og á ódýrari hátt en áður hefur verið gert.

Staðan í Bretlandi.

Bretar stefna að því að vera leiðandi í framleiðslu á orkuvirkjunum í sjávarfalla- og öldutækni, auk þess að vera sú þjóð sem er fremst í nýtingu tækninnar. Íslendingar hafa tækifæri til þess að taka þátt í þessari þróun með markvissum aðgerðum, bæði hvað varðar þróun á nýrri tækni og framleiðslu á raforku með slíkri tækni.

Auk þess að styrkja verkefni og þróun hefur verið komið á hvatakerfum í Bretlandi sem byggja á árangri.

Dæmi um þetta eru:

- 1) 10 milljón punda verðlaun verða veitt þeim sem getur virkjað 20 MW að jafnaði í 2 ár samfleytt við strendur Bretlands.
- 2) Greitt jafngildi kolefniseininga fyrir nýja orku.
 - a. Ölduvirkjanir fá greiddar 5 kolefniseiningar (ROC) fyrir hverja MW stund af orku
 - b. Sjávarfalla og –straumvirkjanir fá greiddar 3 kolefniseiningar fyrir hverja MW stund orku
 - c. Úthafs-vindorkuver fá greiddar 1 kolefniseiningu fyrir hverja MW stund framleidd á hafi.

Aðstaða

Sett hefur verið upp prófunaraðstaða í Orkneyjum fyrir sjávarfallavirkjanir. Þessi aðstaða er sam-evrópsk og óþarfi að koma á slíkri aðstöðu hérlendis. Það sem væri mikilvægt að gera, er að hafa minni staði aðgengilega til prófunar og þróunar. Sú aðstaða þarf ekki að vera á sama stigi og í Orkneyjum, en getur verið frumprófunarstaður fyrir sjávarfalla-, sjávarstraums- og ölduvirkjanir.

Ekki þarf að leggja í mikinn kostnað vegna prófunaraðstöðu, en mikilvægt að hafa slíka aðstöðu eða svæði til staðar við Íslandsstrendur.

Ekki verða gerðar fleiri athugasemdir, enda hefur undirritaður haft fáa daga til að skoða skýrsluna og gera athugasemdir. Skýrslan barst frá Samtökum Atvinnulífsins til Samtaka Iðnaðarins og þaðan til undirritaðs.

Þorsteinn Ingi Víglundsson
Verkfræðingur MSc.